



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT  
ÍSLANDS

# Kvöldstund með Mozart

20. mars 2014





MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

**Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.**

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok tónverka.

Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1 og verða aðgengilegir í tvær vikur á [www.ruv.is](http://www.ruv.is).

**Áætluð tímalengd verka:**

*Balletttónlist úr Idomeneo: 22'00"*

*Flautukonsert nr. 1: 24'00"*

*Maurerische Trauermusik: 5'00"*

*Sinfónía nr. 36: 30'00"*

**Aðalstyrktaraðili:**

---

**GAMMA**

# Kvöldstund með Mozart

Tónleikar í Eldborg 20. mars 2014 » 19:30

**Leo Hussain** hljómsveitarstjóri

**Hallfríður Ólafsdóttir** einleikari

**Wolfgang Amadeus Mozart** *Balletttónlist úr Idomeneo, K. 367 (1781)*

*Chaconne*

*Pas seul*

*Passepied*

*Gavotte*

*Passacaille*

**Flautukonsert nr. 1 í G-dúr, K. 313 (1778)**

*Allegro maestoso*

*Adagio ma non troppo*

*Rondo: Tempo di Menuetto*

*Hlé*

**Maurerische Trauermusik í c-moll, K. 477 (1785)**

**Sinfónía nr. 36 í C-dúr, K. 425, Linz (1783)**

*Adagio – Allegro spiritoso*

*Andante*

*Menuetto*

*Finale (Presto)*

## Leo Hussain

hljómsveitarstjóri



---

### Um hljómsveitarstjórnann

Leo Hussain tekur við stöðu aðalhljómsveitarstjóra Opéra de Rouen Haute-Normandie í september næstkomandi. Hann mun láta af störfum hjá Landestheater Salzburg við lok þessa starfsárs.

Leo Hussain vakti alþjóðlega athygli þegar hann var skipaður tónlistarstjóri Landestheater í Salzburg 2009. Einnig hlaut frumraun hans í Théâtre de la Monnaie í Brussel, þar sem hann stjórnaði nýrri uppfærslu La Fura dels Baus á *Le Grand Macabre* eftir Ligeti, fádæma góðar undirtektir.

Í kjölfarið var Hussain boðið að starfa með leiðandi hljómsveitum og óperuhúsum á borð við Sinfóníuhljómsveit Vínnborgar, Þýsku sinfóníuhljómsveitina í Berlín, BBC sinfóníuhljómsveitina, Mozarteum hljómsveitina í Salzburg, Ríkisóperuna í Berlín, Theatre an der Wien og Ensku þjóðaróperuna ásamt áframhaldandi samstarf við La Monnaie.

Nýverið þreytti Hussain frumraun sína við óperuna í Santa Fe í Nýju Mexíkó, þar sem hann stjórnaði *La Traviata* og í Bayerische Staatsoper í München með *L'elisir d'amore*. Einnig sótti hann Theatre an der Wien nýverið heim þar sem hann stjórnaði *Béatrice et Bénédicte* og Ríkisóperuna í Berlín þar sem viðfangsefni voru *Aida* og *Tosca*. Á sinfóníska sviðinu má nefna tónleika með Þýsku útvarpsfílharmoníunni, Fílharmoníusveitinni í Essen og þátttöku á Enescu-hátíðinni í Búkarest þar sem hann stjórnaði *Gurrelieder* eftir Schönberg.

Ásamt því að stjórna Sinfóníuhljómsveit Íslands í fyrsta sinn á þessu starfsári, þreytti Hussain frumraun sína við Konunglega danska óperuhúsið í október síðastliðnum þar sem hann stjórnaði *Falstaff* eftir Verdi í uppfærslu Peters Langdal. Framtíðarverkefni Hussains eru meðal annars frumraun hans við Konunglega óperuhúsið í Covent Garden og Glyndebourne óperuhátíðina.

Leo Hussain stundaði nám við háskólann í Cambridge og Konunglegu tónlistarakademiuna í London. Árið 2004 stýrði hann English Touring Opera og í framhaldi af því Glyndebourne on Tour ásamt Opera North sem leiddi til samstarfs við Salzburg Festival þar sem hann vann í samstarfi við Rattle, Gergiev, Muti og Nezet-Seguin.

## Hallfríður Ólafsdóttir

einleikari



Hallfríður Ólafsdóttir er 1. flautuleikari Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Hún hefur verið fastráðin við hljómsveitina frá janúarmánuði 1997, fyrst sem pikkolóleikari og uppfærslumaður en sem leiðandi flautuleikari frá 1999. Hallfríður er einnig kennari við Tónlistarskólann í Reykjavík og flautuleikari kammerhópsins Camerarctica.

Hallfríður lauk einleikara- og kennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík vorið 1988 undir handleiðslu Bernharðs Wilkinsonar. Leið hennar lá til Bretlands þar sem hún var við nám hjá Trevor Wye og Kate Hill í Royal Northern College of Music í Manchester og lauk hún þaðan Postgraduate Diploma eftir einn vetur. Hún komst þá að hjá William Bennett við Royal Academy of Music í Lundúnum, ein þriggja nemenda úr um hundrað manna hópi. Eftir tveggja ára nám útskrifaðist hún með Diploma of Advanced Studies, auk þess að hljóta styrk frá skólanum og verðlaun í keppni tréblástursnemenda. Veturinn 1991-92 lagði Hallfríður stund á franska tónlist hjá Alain Marion í París en kom svo heim og hefur síðan verið starfandi flautuleikari og kennari í Reykjavík.

---

### Um einleikarann

*Hallfríður er höfundur metsölu-  
bókanna um músikölsku músina  
Maxímús Músíkús og hlaut ásamt  
Pórarni Má Baldurssyni, myndskreyti  
bókanna, Fjöruverðlaunin og  
Barnabókaverðlaun Reykjavíkurborgar  
ársins 2008 fyrir Maxímús  
Músíkús heimsækir hljómsveitina.*

Hallfríður hefur ásamt starfi sínu hjá Sinfóníuhljómsveitinni leikið einleikskonserta, meðal annars með Sinfóníuhljómsveit Íslands, og lagt stund á kammertónlist, fyrst og fremst með Camerarctica. Leik Hallfríðar má heyra á mörgum hljóðritunum, meðal annars flautukvartetta Mozarts og ýmis íslensk kammerverk.

Árið 2002 var Hallfríði veitt heiðursnafnbótin Associate of the Royal Academy of Music (ARAM) sem veitist þeim fyrrum nemendum Konunglegu akademíunnar sem notið hafa velgengni í starfi. Hallfríður hefur einnig sinnt starfi gestakennara við sama skóla. Árið 2003 var Hallfríður bæjarlistamaður Garðabæjar.

## Balletttónlist úr *Idomeneo*, K. 367



---

### Tónlistin á Íslandi

Balletttónlistin úr *Idomeneo*  
heyrist nú í fyrsta sinn á tónleikum  
Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Sumarið 1780 barst Mozart (1756-1791) langþráð bón þess efnis að semja alvarlega óperu í anda Glucks fyrir Carl Theodor kjörfursta. *Idomeneo*, fyrsta stóra ópera Mozarts leit dagsins ljós. Tónskáldið var alsælt á þessum tíma og lýsti því í bréfi til föður síns þegar hann hafði hartnær lokið við óperuna. Carl Theodor, sem var mikill listunnandi og verndari hinnar þekktu Mannheim hljómsveitar, hafði nú aðsetur í München en hann hélt eina bestu hljómsveit Evrópu og réð yfir mjög frambærilegum óperusöngvurum. *Idomeneo* var frumflutt í München í janúar 1781 við góðar undirtektir og fylgdu nokkrar óperusýningar í kjölfarið en jafnframt var óperan flutt einu sinni í Vín undir yfirumsjón tónskáldsins árið 1786. Það var þó ekki fyrr en eftir seinni heimsstyrjöldina að *Idomeneo* naut athygli á heimsvísu.

Í óperum Lullys og seinni verkum Rameaus var dansinn mikilvægur þáttur allra sviðsuppfærslna. Svo var einnig við margar þýskar hirðir þar sem ítölsk ópera var allsráðandi og ballett fylgdi iðulega í kjölfar hvernar óperu. Ballettinn og tónlist hans var þó ekki alltaf tengdur söguþræði óperunnar. Ekki er vitað nákvæmlega hvar dansarnir voru staðsettir í *Idomeneo* en talið er að *Chaconne* hafi verið flutt í lok óperunnar sem hluti af hátindi hennar og farsælum endi. Sterkur persónulegur stíll er ríkjandi í danstónlist Mozarts og er balletttónlistin úr *Idomeneo* þar engin undantekning. Dansarnir eru í frönskum stíl og tók danshöfundurinn Claudius le Grand einnig þátt í sviðsuppfærslunni en ekki liggur fyrir vitneskja um upprunalegu kóreógrafiuna. Mozart sýndi dansformum af ýmsum toga áhuga og má þar nefna menúetta sem koma fyrir í sinfóníum hans og kvartettum, þýska dansa, Ländler og þjóðdansa þó þeirra nyti ekki endilega við í óperum hans. *Idomeneo* er iðulega talin vera vendipunktur á ferli Mozarts hvað leikhústónlist varðar og fylgdi óperan *Brottnámið úr Kvennabúrinu* (1782) í kjölfarið.

## Flautukonsert nr. 1 í G-dúr, K. 313

Á sextán mánaða tímabili 1777-1778 ferðaðist Mozart ásamt móður sinni frá Salzburg til Parísar í leit að atvinnu. Þetta var í fyrsta sinn sem feðgarnir, Wolfgang og Leopold, voru aðskildir. Mæðginin fóru til München og Mannheim en þar var engar stöður að fá. Mozart barst á þessum tíma beiðni frá áhugamanni í flautuleik, Ferdinand Dejean, um að semja fyrir hann flautukvartetta og þrjá flautukonserta. Mozart uppfyllti ekki skuldbindingar sínar gagnvart Dejean og greiðslan fyrir tónverkin var aldrei greidd að fullu. Mozart samdi einungis tvo af þremur flautukonsertunum; *Flautukonsert nr. 1 í G-dúr*, K. 313 og K. 314 sem var í raun umskrift af óbókonsert sem Mozart hafði samið áður. Álitid er að *Andante* fyrir flautu og hljómsveit, K. 315, hafi verið valkostur sem hægur þáttur fyrir fyrsta flautukonsertinn, K. 313, fremur en að vera annar þáttur úr þriðja flautukonsertinum. Á þessum tíma skrifaði Mozart föður sínum að hann hefði samið þrjá flautukvartetta en aðeins er hægt að rekja tvo, K. 285 og K. 285a, til þessa tímabils. Frá Mannheim héldu mæðginin til Parísar að ósk Leopolds, sem hafði margítrekað bónina bréflega, en þar lést móðir Mozarts eftir stutt veikindi. Í fyrsta sinn á lífsleiðinni var tónskáldið eitt síns liðs.

Skrif Mozarts í bréfi til föður síns frá þessum tíma, þar sem hann ýjar að því að flautan sé ekki í sérlegu upphaldi hjá sér, er nokkuð sem taka ber með fyrirvara. Margir hafa reynt að ráða í orð tónskáldsins og má velja því fyrir sér hvort einhver alvara hafi legið þar að baki eða hvort hann hafi verið að bera í bætifláka fyrir sjálfan sig þar sem hann gat ekki uppfyllt skuldbindingarnar gagnvart Dejean. Hvernig sem túlka ber orð tónskáldsins þá falla skrif hans fyrir flautuna mjög vel að eiginleikum hljóðfærisins og í París, skömmu eftir Mannheimdvölinu, samdi hann fallegan tvíkonsert fyrir flautu og hörpu K. 299. Auk þess samdi hann heila óperu helgaða flautunni og skrifaði fallegar hendingar fyrir hljóðfærið bæði í símfóníunum og píanókonsertunum. Að öllum líkindum hefur

Mozart því aðeins verið að afsaka sig fyrir föður sínum og því ber að taka athugasemdunum um flautuna sem slíkum.

Á heimleiðinni frá París dvaldi Mozart hjá Weber fjölskyldunni en söngkonan unga, Aloisia Weber, sem hann hafði orðið ástfanginn af á leið sinni til Parísar, sýndi honum engan áhuga. Mozart skrifaði föður sínum: „Ég get ekki skrifað – hjarta mitt er yfirfullt af tárurum“. Mozart hafði ekkert orðið ágengt í atvinnuleit, móðurmissirinn markaði hann og fjárhagur fjölskyldunnar hafði versnað eftir langt ferðalag mæðginanna. Reynslan sem Mozart aflaði sér í Mannheim og París var hinsvegar auðheyranleg í verkum hans við heimkomuna og var hann án efa ánægður að sýna „alþjóðlega hæfni“ sína í „sveitaþorpinu“ Salzburg.

Hrífandi flautukonsert Mozarts einkennist af yfirlætislausum þokka og tækifærum einleikarans til að sýna snilli sína umbúðalaust. Konsertinn er hefðbundinn í þremur þáttum þar sem hljómsveitin kynnir líflegt og leikandi stefjaefnið til sögunnar í fyrstaþætti. Í öðrum þætti eru strengirnir dempaðir sem gefur þættinum mykt næturljóðsins og flautur leysa óbóin af hólmi í hljómsveitarútsetningunni. Laglína annars þáttar er rómantísk og upphaf kaflans minnir óneitanlega á meginstef Dónárvalsins eftir Johann Strauss yngri, tónsmíð sem kom fram á sjónarsviðið mörgum árum síðar. Lokaþátturinn er hrífandi rondó þar sem einleiksflautan kynnir stefið í upphafi þáttarins. Rondókaflinn er í ætt við menúett án þess þó að sama formfestan ráði ríkjum í uppbyggingunni.

---

## Tónlistin á Íslandi

*Flautukonsert nr. 1 hljómaði fyrst í meðförum hljómsveitarinnar í Háskólabíói árið 1975. Það ár var konsertinn leikinn tvisvar sinnum; fyrst af Jean-Pierre Rampal og síðar Manuelu Wiesler undir stjórn Jean-Pierre Jacquillat. Manuela flutti konsertinn alls fjórum sinnum með hljómsveitinni á sex árum (1975, 1976, 1980, 1981) ýmist undir stjórn Jacquillat eða Páls P. Pálssonar. Áshildur Haraldsdóttir flutti konsertinn 1991 undir stjórn Páls P. Pálssonar í Langholtskirkju og Stefán Ragnar Höskuldsson lék konsertinn 1995 undir stjórn Bernharðs Wilkinsonar í Háskólabíói.*



## Maurerische Trauermusik í c-moll, K. 477



---

### Tónlistin á Íslandi

*Maurerische Trauermusik* hefur hljómað tvisvar áður í meðförum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Fyrst í Þjóðleikhúsinu 1956 undir stjórn Róberts A. Ottóssonar og síðar í Hallgrímskirkju árið 1995 undir stjórn Osmos Vänskä.

*Maurerische Trauermusik*, K. 477 hefur sterka skírskotun í táknaferði frímúrarareglunnar, hugtakið þrjá, og er tónlistin alvarleg og dramatísk í ætt við *Sálumessu* tónskáldsins. Verkið er sérstakt sökum einsleitni, hljóðfæravals og uppbyggingar. Átakanlegt sorgarljóð í c-moll er leikið af blásurum í upphafi verksins sem leiðir hlustandann yfir í gamlan kirkjukóral í Es-dúr. Undir lok verksins heyrir c-moll tóntegundin aftur en verkið endar í C-dúr, sem markar ekki endalok heldur nýtt upphaf. *Maurerische Trauermusik* er þekktasta frímúraratónlist Mozarts, sem sjálfur var reglubróðir, og er skrifuð fyrir tvær fiðlur, tvær víólur, klarínnett, bassetthorn, tvö óbó, tvö horn og bassa. Síðar, að öllum líkindum í desember 1785, bætti Mozart við tveimur bassethornum og kontrafagotti, nokkuð sem gerði hljóðfæraskipan verksins einstæða þegar tekið er tillit til annarra verka tónskáldsins. Mozart gekk til liðs við frímúrarana í Vín 14. desember 1784 og á skömmum tíma komst hann til mikilla metorða innan reglunnar. Samkvæmt handskrifaðri athugasemd í verkaskrá Mozarts var *Maurerische Trauermusik* samin í minningu tveggja reglubræðra sem létust með dags millibili í nóvember 1785; Georgs August Mecklenburg-Strelitz hertoga og Franz Esterhazy greifa. Hins vegar benda rannsóknir til þess að fyrri útgáfa af verkinu fyrir tvo karlakóra hafi verið flutt í ágústmánuði 1785 við innvígslu nýs reglubróður og hafi Mozart því endurritað verkið sem jarðarfarartónlist án sönggradda fyrir minningarathöfn reglubræðranna Georgs og Franz. Sú útgáfa verksins, að viðbættu kontrafagotti, hljómar á tónleikum kvöldins. Frímúraratónlist má skipta í þrjá flokka: Tónlist sem samin er sérstaklega fyrir regluna og athafnir hennar eins og fundi og jarðarfarir. Tónlist sem að innihaldi hæfir reglunni þó hún sé ekki samin sérstaklega fyrir hana og að lokum verk sem túlka trúfræði og heimspeki reglunnar en eru ekki notuð í athöfnum hennar. Nokkur verk liggja eftir Mozart sem voru samin sérstaklega fyrir frímúrararegluna en tvö af stærri tónverkum tónskáldsins, *Töfraflautan*, K. 620 og *Sálumessan*, K. 626, hafa sterka skírskotun í hugmyndafræði reglunnar.

## Sinfónía nr. 36 í C-dúr, K. 425, Linz

*Sinfónía nr. 36* markaði nýtt upphaf magnaðra sinfónískra skrifa hjá Mozart. Hann samdi þessa ástsælu sinfóníu á aðeins fjórum dögum í nóvember árið 1783 í góðu yfirlæti hjá Thun greifa í Linz. Mozart var að snúa til baka til Vínar frá Salzburg þegar hann gerði stuttan stans í Linz. Á þessum tíma var Mozart nýgiftur Constanze, yngri systur Aloysiu Weber, og hafði í júlímánuði kynnt eiginkonuna fyrir Leopold föður sínum og Nannerl systur sinni í Salzburg. Skömmu eftir komuna til Linz, 31. október, skrifaði Mozart föður sínum að hann ætli að stjórna tónleikum 4. nóvember og að hann hefði ekki neina sinfóníu í farteskinu. Hann þyrfti því að hafa hraðar hendur og semja eina slíka fyrir tónleikana.

Sinfónían hefst á hægum þætti, Adagio, nokkuð sem var áður óþekkt upphaf á sinfóníum Mozarts þó hægán inngang væri að finna sem upphaf að kvöldlokkum hans. Inngangur sinfóníunnar er tignarlegur með punkteruðum hrynn í ætt við franskan forleik frá barokktímanum. Í hægá kaflanum sem er bæði lagrænn og tignarlegur finnur Mozart trompetum og trommum hlutverkþó venjubundnara hefði verið að hljóðfærin léku ekki í F-dúr vegna takmarkana á tónsviði. Hefðbundnum menúett fylgir tríó með blásurum í forgrunni þar sem óbó og fagott bera uppi laglínuna. Sinfóníunni lýkur á glæsilegum *Presto*-þætti með eldsnöggu styrkleikabreytingum og hljóðfæraskiptum þar sem Mozart sýnir djúpa hrifningu sína á kærnum vini, Joseph Haydn.

Eftir að Mozart lauk við sinfóníuna kennda við Linz tók hann sér þriggja ára hlé frá sinfónískum skrífum. Það var annað hléið af þeim toga sem hann gerði á ferlinum en á árunum 1774-1778 hafði engin sinfónía komið frá tónskáldinu eða þar til *Parísarsinfónían* leit dagsins ljós. *Pragsinfónían*, sem var fullgerð í desember 1786, var síðan fyrsta sinfónían sem fylgdi í kjölfar *Linz-sinfóníunnar* og jafnframt sú fyrsta í röð fjögurra síðustu sinfónía Mozarts.

*Hjördís Ástráðsdóttir*

---

## Tónlistin á Íslandi

*Sinfónía nr. 36* hljómaði fyrst í flutningi Sinfóníuhljómsveitar Íslands árið 1953 í Þjóðleikhúsinu undir stjórn Róberts A. Ottóssonar. Meðal annarra sem stjórnað hafa sinfóníunni eru: Walter Gillissen (1979), Jean-Pierre Jacquillat og Páll P. Pálsson (1984) Owain Arwel-Hughes (1991) og Petri Sakari (1998).

# Hljómsveit á tónleikum

20. mars 2014

## 1. FIÐLA

Una Sveinbjarnardóttir  
Zbigniew Dubik  
Pálína Árnadóttir  
Bryndís Pálsdóttir  
Júlíana Elín Kjartansdóttir  
Ágústa María Jónsdóttir  
Olga Björk Ólafsdóttir  
Laufey Jensdóttir  
Lin Wei  
Mark Reedman  
Andrzej Kleina  
Sigriður Hrafnkelsdóttir

## 2. FIÐLA

Roland Hartwell  
Greta Guðnadóttir  
Sigurlaug Eðvaldsdóttir  
Christian Diethard  
Joanna Bauer  
Dóra Björgvinsdóttir  
Helga Þóra Björgvinsdóttir  
Margrét Þorsteinsdóttir  
Kristján Matthíasson  
Greta Salome Stefánsdóttir

## VÍÓLA

Þórunn Ósk Marinósdóttir  
Jónína Auður Hilmarsdóttir  
Guðrún Þórarinsdóttir  
Kathryn Harrison  
Móeiður Anna Sigurðardóttir  
Þórarinn Már Baldursson  
Guðrún Hrund Harðardóttir  
Sesselja Halldórsdóttir

## SELLÓ

Sigurgeir Agnarsson  
Sigurður Bjarki Gunnarsson  
Margrét Árnadóttir  
Bryndís Björgvinsdóttir  
Júlía Mogensen  
Lovísa Fjeldsted

## Bassi

Hávarður Tryggvason  
Jóhannes Georgsson  
Richard Korn  
Þórir Jóhannsson

## FLAUTA

Áshildur Haraldsdóttir  
Martial Nardeau

## ÓBÓ

Daði Kolbeinsson  
Peter Tompkins

## KLARÍNETT

Einar Jóhannesson  
Rúnar Óskarsson

## FAGOTT

Brjánn Ingason  
Kristín Mjöll Jakobsdóttir

## HORN

Emil Friðfinnsson  
Stefán Jón Bernharðsson

## TROMPET

Ásgeir Steingrímsson  
Guðmundur Hafsteinsson

## PÁKUR

Frank Aarnink

Nicola Lolli, hefur verið ráðinn í stöðu 1. konsertmeistara Sinfóníuhljómsveitar Íslands og mun gegna stöðunni við hlið Sigrúnar Eðvaldsdóttur. Nicola Lolli er fæddur á Ítalíu árið 1980 og er menntaður í fiðluleik frá tónlistarháskólunum í Vín, Lübeck og Ganz. Nicola Lolli hefur setið í sæti 1. konsertmeistara á nokkrum tónleikum á þessu starfsári. Hann tekur formlega við stöðunni í apríl næstkomandi.

Arna Kristín Einarsdóttir framkvæmdastjóri  
Bengt Árstad, listrænn ráðgjafi  
Margrét Sigurðsson fjármálafulltrúi  
Grimur Grímsson sviðsstjóri

Anna Sigurbjörnsdóttir tónleikastjóri  
Hjördís Ástráðsdóttir fræðslustjóri  
Kristbjörg Clausen, nátna- og skjalavörður  
Sigþór J. Guðmundsson sviðsstjóri

Margrét Ragnarsdóttir, markaðs- og kynningarstjóri  
Una Eyþórsdóttir mannaútsjóri  
Þórunn Vala Valdimarsdóttir umsjónarmaður

Ilan Volkov, aðalhljómsveitarstjóri og listrænn stjórnandi



## Baksviðs með Sinfóníuhljómsveit Íslands

Sigrún Eðvaldsdóttir, 1. konsertmeistari, og systir hennar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, eru hluti af fiðlusveitinni.

**Sigrún:** Auðvitað þykir okkur rosalega vænt um fiðluna en þetta er líka stundum svolítið erfitt samband. Hljóðfærið er oft **harður húsbóndi**. **Sigurlaug:** Einmitt, en samt er gott samband við góða fiðlu eins og gott ástarsamband, það svarar allt svo vel.

Við vitum öll hvað það merkir að stilla saman strengi, en í starfi Sinfóníuhljómsveitar Íslands er orðtakið notað í bókstaflegri merkingu og í raun er fátt nauðsynlegra. Fagmennska er leiðarstef í öllu starfi hljómsveitarinnar.

Sigrún Eðvaldsdóttir er ástríðufullur tónlistarmaður sem gefur allt í flutninginn á milli þess sem hún leikur angurvært á fiðluna. Sigrún hefur leikið víða um lönd og nánd góðum árangri í alþjóðlegum fiðlukeppnum. Eldri systir Sigrúnar, Sigurlaug Eðvaldsdóttir, hefur kennt þeirri yngri allt sem hún kann. Framhaldsnám í fiðluleik

stunduðu þær báðar fyrir vestan haf, Sigurlaug í New York við Manhattan School of Music en Sigrún við hinn sögufræga Curtis-tónlistarháskóla í Philadelphiu.

Fiðlan ber oftar en ekki uppi laglínur tónbókmenntanna, getur fengið hárin til að rísa og á hug þeirra systra allan.



GAMMA er aðalstyrktaraðili Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Við erum stolt af samstarfi okkar við hljómsveitina og ánægð með að geta tekið höndum saman með ástríðufullu fagfólki um þetta mikilvæga starf.

**GAMMA**

[www.gamma.is](http://www.gamma.is)